


Véltjórafélag Íslands



Borgartúni 18
105 Reykjavík
Sími: 562 9062
Fax: 562 9096

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,
b.t. Nefndanefndar Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. 5 121/56
komudagur 8/11 1996 Rvík 6. ^{nóv.} ~~mars~~ 1996

Efni: Umsögn um frumvarp til laga, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál.

Með þessu frumvarpi er verið að festa í lög reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögunnar sem hafa aukist verulega á liðnum árum og þess vegna er brýnt að þeim sé settur lagarammi. Í framhaldinu hefur færst í vöxt að skip sem eru með nægar veiðiheimildir innan landhelginnar leiti á fjarlæg mið en selji frá sér heimildir innan lögsögunnar til þess að afla aukinna tekna.


Að mati Véltjórafélags Íslands er framsal veiðiheimilda nauðsynlegt í þessu fiskveiðistjórnkerfi, en þegar framsalið er farið að leiða af sér óeðlilegt brask og orðið forsenda nýrra tekjustofna hjá útgerðunum, tekjustofna sem að hluta til eru tilkomnir vegna lækkunar á umsömdum launum sjómanna þá er nauðsynlegt að staldra við og átta sig á hvort þessi þróun sé eðlileg og þá með hvaða hætti megi sporna gegn henni.

Í ljósi þessa er það mat Véltjórafélags Íslands að veiðiheimildir utan lögsögunnar eigi ekki að vera framseljanlegar og til viðbótar eigi að binda þær því skilyrði að viðkomandi skip veiði sjálft úthlutaðar heimildir eða ígildi þeirra innan lögsögunnar til þess að koma í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti með veiðiréttinn.

Skilyrðunum mætti hugsa sér að breyta þegar komið hefur verið á skilvirku verðmyndunarkerfi á sjávarafli en það er mat félagsins að braskið þrífist fyrst og fremst vegna þess að núna eru nánast engar reglur um með hvaða hætti verðmyndunin á sér stað sem er ótrúlegt þegar lítið er til þeirra verðmæta, sem eru að skipta um eigendur, sem nema um 40 milljörðum á ári að frátöldum afla frystitogarann sem lýtur verðlagningu markaðarins.

Að öðru leyti hefur félagið ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt
f.h. Véltjórafélags Íslands


Helgi Laxdal formaður.

Umboðsskrifstofur VSFÍ.

Vesturland:
Grundargata 94
350 Grundarfirði
Sími: 438 6894

Norðurland:
Skipagata 14
600 Akureyri
Sími: 462 1870

Suð-Austurland:
Smárabraut 13
780 Höfn, Hornafirði
Sími: 478 1255